

Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingu, o.fl.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur,
Lúðvík Bergvinssyni og Svanfríði Jónasdóttur.

Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (5. gr.)

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna, sbr. 158. gr. laga nr. 83/1997 og 7. gr. laga nr. 88/1998:

a. 1. mgr. fellur brott.

b. 2. mgr. orðast svo:

Bankastjóri Seðlabankans stýrir daglegum rekstri bankans. Ráðherra skipar bankastjóra að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjóri skal skipaður til fimm ára í senn, en þó skal gæta reglna um hámarksaldur starfsmanna ríkisins.

b. (6. gr.)

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þar til skipunartíma annars af tveimur núverandi bankastjórum lýkur skulu bankastjórar vera tveir og þeir skipa bankastjórn. Skulu þeir koma sér saman um formennsku í bankastjórninni.